



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Velferðarráðuneyti / María Sæmundsdóttir
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	30. nóvember 2018.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Í júní 2016 lagði heilbrigðisráðherra fram skýrslu á Alþingi um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum og samfélaginu í heild. Ein af tillögum starfshópsins sem vann skýrsluna fyrir ráðherra var að kannað yrði hversu ítarleg þörfin sé fyrir uppsetningu neyslurýma fyrir einstaklinga sem nota vímuefni með sprautubúnaði, enda stunda þeir oft neyslu sína við hættulegar og heilsuspillandi aðstæður sem stuðla að auknum skaða, veikindum og jafnvel dauða. Þörfin er brýn fyrir uppsetningu neyslurýma, enda voru alls um 2.800 heimsóknir til Frú Ragnheiðar árið 2017 og hefur farið fjölgandi frá árinu 2016. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mun taka þátt í verkefninu og hefur Rauði krossinn á Íslandi fallist á að sinna þjónustunni, en svo af því megi verða þarf að ráðast í lagabreytingu og setja reglugerð.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að útvega neytendum vímuefna aðstöðu þar sem þeir geta notað efnin á öruggan hátt þar sem gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna, þ.e. í neyslurýmum. Kveðið verður á um rekstur og aðstöðu neyslurýma í reglugerð.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 er kveðið á um heimild til Lyfjastofnunar að veita undanþágu frá vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna en sú heimild nær ekki til þess að veita undanþágu svo unnt sé að opna neyslurými. Tilgangur gildandi ákvæðis er að veita lögreglu og rannsóknastofnunum undanþágur til að framkvæma svonefnt óhreinindapróf.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Með frumvarpinu er stefnt að því að skapa öruggan og heilsusamlegan vettvang fyrir vímuefnanotendur sem nota vímuefni í æð.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Að koma í veg fyrir aukinn skaða, veikindi og jafnvel dauða vímuefnanotenda.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Það getur haft þær afleiðingar að fleiri munu veikjast alvarlega, en einstaklingar sem sprauta vímuefnum í æð eru allir í aukinni áhættu á blóðbornum sjúkdómum, svo sem HIV og lifrabólgu C, og á staðbundnum og kerfisbundnum sýkingum, þar sem þeir sprauta sig með óhreinum nálum og við óviðunandi aðstæður.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Fram til þessa hefur verið boðið upp á hjúkrunarmóttöku fyrir einstaklinga sem nota vímuefni

með sprautubúnaði hjá Frú Ragnheiði, en það er sérinnréttaður bíll sem ekið er um götur höfuðborgarsvæðisins á kvöldin, sex kvöld í viku. Það úrræði er vel nýtt en þörf er fyrir frekari aðstöðu á dagvinnutíma þar sem neytendum er gert kleift að hitta hjúkrunarfræðing eða lækni og boðið upp á hreinlætisaðstöðu.

3. **Mögulegar leiðir við lagasetningu** Að breyta lögum um ávana- og fíkniefni. |

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni. Sú leið er valin fremur en að leggja fram frumvarp til nýrra sérlaga þar sem fjallað er um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna í þeim lögum.

2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Fyrirhugað er að bæta við nýju undanþáguákvæði í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Meginreglan er sú að varsla og meðferð ávana- og fíkniefna er óheimil skv. 1. mgr. 2. gr. laganna og kveðið er á um eina undantekningu í 3. mgr. Áætlað er að kveða á um neyslurými í nýrri grein, 2. gr. a, í lögnum. |

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Nei.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei.

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Nei. |

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Vímuefnanotendur yfir 18 ára aldri, konur og karlar, sem neyta vímuefna með sprautubúnaði.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Mögulega við dómsmálaráðuneytið varðandi almenn hegningarlög.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.** Ekki hefur farið fram opinbert samráð, en óformlegt samráð hefur verið haft við Rauða kross Íslands, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Reykjavíkurborg.

4. **Fyrirhugað samráð.** Frumvarpið verður birt í Samráðsgáttinni til umsagnar. |

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal** |

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?** Nei.

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?** Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram í janúar 2019. Í kjölfarið verður sett reglugerð um neyslurými sem útfærir hvernig beri að haga rekstri slíkra rýma. Undirbúningsvinna er hafin við opnun neyslurýma í ráðuneytinu og verður Sjúkratryggingum Íslands falið umboð til samningsgerða um opnun neyslurýmis í samræmi við lög um sjúkratryggingar.

3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?** Samvinna fyrrnefndra aðila sem koma að málinu, auk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu** Færri einstaklingar smitast af alvarlegum sjúkdómum og deyja.

5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?** Gögn eru til frá Frú Ragnheiði vegna árana 2015–2017 og verða þau höfð til hliðsjónar, en

nauðsynlegt verður að skrá heimsóknir í neyslurými og tilgang þeirra svo unnt verði að meta starfið. |

I. Annað

| |

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum |